

**5. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu
27. apríl. 2011 kl. 13:30 í utanríkisráðuneytinu**

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir, formaður

Fulltrúar í samstarfsráði: Drífa Hjartardóttir, Geir Gunnlaugsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Guðrún Margrét Pálsdóttir, Jónas Þ. Þórisson, Páll Jensson, Ragnar Gunnarsson, Sigfús Ólafsson, Þorbjörn Guðmundsson og Þórir Guðmundsson.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSI): Anna Katrín Vilhjálmsdóttir, Árni Helgason, Engilbert Guðmundsson, Guðni Bragason, Hermann Örn Ingólfsson, Jónas Haraldsson og Þórdís Sigurðardóttir.

Inngangsorð formanns

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til fimmta fundar ráðsins.

Formaður gerði grein fyrir umræðum síðasta fundar og bréfi þar að lútandi sem sent var til ráðherra í kjölfar þess fundar með afriti á alla fulltrúa ráðsins.

Formaður bauð Önnu Katrínu Vilhjálmsdóttur velkomna til starfa sem deildarstjóra á þróunarsamvinnusviði utanríkisráðuneytisins og Engilbert Guðmundsson sem nýjan framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samstarfsráðsins var samþykkt án athugasemda.

2. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014

Hermann Örn Ingólfsson og Engilbert Guðmundsson kynntu málsframvindu vegna umfjöllunar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011 – 2014, sem utanríkisráðherra mælti fyrir á Alþingi hinn 17. febrúar 2011.

3. Yfirlit um framlög til þróunarsamvinnu

Hermann Örn Ingólfsson kynnti upplýsingar um þróun framlaga til þróunarmála á Íslandi og í öðrum OECD ríkjum á árinu 2010.

Fjallað var um hlutverk þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) og hvernig störf hennar munu best nýtast Íslandi þegar til aðildar að nefndinni kemur samkvæmt tillögu í þróunarsamvinnuáætlun.

4. Stefnumótun: Samstarfsáætlanir

Árni Helgason kynnti drög að sameiginlegum leiðbeiningum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ um gerð samstarfsáætlana fyrir þau ríki sem sérstök áhersla er lögð á samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun.

Fjallað var um þarfir og óskir samstarfslandanna meðal annars vegna stjórnsýsluuppbyggingar ríkis og sveitarfélaga og við byggðapróun. Þá var fjallað um aðkomu ráðsins að umfjöllun um samstarfsáætlanir og framkvæmd þeirra.

5. Kynjuð fjárlagagerð

Anna Katrín Vilhjálmsdóttir kynnti tilraunaverkefni um kynjaða fjárlagagerð sem þróunarsamvinnusvið utanríkisráðuneytisins hefur unnið á fjölþjóðlegu þróunarstarfi ráðuneytisins.

6. Önnur mál

a. Kynning á skýrslu FAO um fæðuöryggi

Guðni Bragason upplýsti um kynningu Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar (FAO) á skýrslu sinni um fæðuöryggi, með áherslu á konur í landbúnaði. Kynningin fer fram 16. maí 2011.

b. Aðgengi að fundargerðum samstarfsráðs

Fjallað var um beiðni sem barst utanríkisráðuneytinu um aðgang að fundargerðum ráðsins. Ákveðið var að verða við beiðninni.

Ákveðið var að á næsta fundi ráðsins verði fjallað um gagnsæi í störfum þess.

Fundi slitið kl. 16:03.